

Landsyfirréttardómar 1909.

Mánudaginn 11. janúarmán.

Nr. 46/1907:

Jón Ólafsson

gegn

Valtý Guðmundssyni.

D ó m u r:

Í máli þessu, er háskólakennari, dr. Valtýr Guðmundsson höfðaði fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur gegn Jóni Ólafssyni, þáverandi ritstjóra og ábyrgðarmanni blaðsins Reykjavík, fyrir meiðyrði í nafnlausri grein með fyrirsögninni: »Þar á hann heima«, er út kom í téðu blaði 21. desbr. 1905, var dómur kveðinn upp í nefndum rétti 12. júlí 1906 með þeim úrslitum, að hin átöldu meiðyrði: »vísvitandi lygari«, voru dæmd dauð og marklaus og áfrýjandi skyldaður til að greiða fyrir þau sekt til landsjóðs 150 kr., eða sæta ella 40 daga einföldu fangelsi, og fyrir ósæmilegan rithátt var áfrýjandi enn fremur sektaður um 20 kr.. er renna skyldu í landsjóð. Svo skyldi og áfrýjandi greiða stefnda í málskostnað 10 kr.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn, að fengnu kon-

ungsleyfi til uppreistar, útgefnu 6. nóvember 1907 skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 7. s. m., og krafist þess, að málinu verði vísað frá undirréttinum, en til vara, að hann verði algjörlega sýknaður í málinu, og til þrautavara, að hin ídæmda sekt verði lækkuð að miklum mun, og hvernig sem málið fer, krefst hann þess, að sektin fyrir ósæmilegan rithátt og málskostnaðarálagan í undirréttardómnum verði feld burtu, eða báðar upphæðirnar lækkaðar, og að honum verði tildæmdur málskostnaður bæði fyrir undir- og yfirrétti eftir mati réttarins. Stefndi hefir eigi komið í yfirdóminn eða látið koma þar af sinni hálfu, þótt honum sé löglega stefnt þangað, og ber því að dæma málið eftir framkomnum skjölum og skilríkjum samkvæmt N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr.

Áfrýjandi hefir byggt kröfu sína um frávísun málsins frá undirrétti eða ómerking þess á því, að sáttatilraunin í því hafi verið ólögleg, en ástæður þær, er hann hefir fært fyrir því, eru eigi á rökum bygðar eins og sýnt er fram á í bæjarþingsdómnum, og skal því bætt við út af því, er áfrýjandi sérstaklega hefir tekið fram fyrir yfirdómi til stuðnings þessu málsatriði, að stefndi hafði ekkert tilefni til að leggja hið síðara umboðsskjal sitt fram fyrir sáttanefnd, þar sem engum mótmælum var þar hreyft gegn hinu fyrra umboðsskjali hans. Ómerkingarkrafa áfrýjanda verður því eigi tekin til greina.

Að því er málsefnið sjálft áhrærir, þá er stefndi í fyrnefndri grein í »Reykjavík«, sem áfrýjandi ber ábyrgð á, lýstur »vísvitandi lygari« að ummælum nokkrum í dönsku blaði »Ekstrabladet«, sem það eignar eða þykist hafa eftir stefnda, en stefndi hefir neitað því að ummæl-

in séu rétt eftir sér höfð, og áfryjandi hefir eigi heldur sannað, að þau séu frá honum runnin, enda væru hin átöldu orð eigi réttlætt fyrir það eitt, þótt hann gæti sannað þetta. Það verður því að dæmast allsendis heimildarlaust, að hafa viðhaft hin átöldu ummæli um stefnda, og með því að þau eru freklega meiðandi fyrir hann, verður að fallast á það, að orðin voru dæmd dauð og ómerk með bæjarþingsdómnum og áfryjandi sektaður fyrir þau samkvæmt 219. gr. almennra hegningarlaga, en sektin þykir nægilega hátt ákveðin 100 krónur eða til vara 25 daga einfalt fangelsi.

Það þykir ekki ástæða til þess eftir kröfu áfryjanda að fella burtu úr bæjarþingsdómnum eða lækka sektina fyrir ósæmilegan rithátt, en hún á að helmingi að renna í landsjóð og að helmingi í fátækra sjóð Reykjavíkur. Yfirrétturinn er og samþykkur málskostnaðarákvæði dómsins, en um málskostnað fyrir yfirdómi er ekki að ræða, þar sem stefndi kom þar ekki og enginn af hans hendi.

Því dæmist rétt vera:

Áfryjandi, ritstjóri Jón Ólafsson, greiði 100 kr. sekt í landsjóð eða sæti 25 daga einföldu fangelsi, ef sektin eigi öll verður greidd innan ákveðins tíma; áfryjandi greiði 20 króna sekt fyrir ósæmilegan rithátt fyrir bæjarþingsréttinum, og renni helmingur sektar þessarar í landsjóð en helmingur í fátækra sjóð Reykjavíkur. Um ómerking meiðyrða og málskostn-

að í héraði á bæjarþingsdómurinn að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 23/1908: Hlutfélagið C. Mollerups Maskinfabrik
í Kaupmannahöfn
gegn
Stefáni Th. Jónssyni kaupmanni.

D ó m u r :

Mál þetta var höfðað fyrir aukarétti Seyðisfjarðar-kaupstaðar af hálfu áfrýjanda gegn hinum stefnda, Stefáni Th. Jónssyni kaupmanni á Seyðisfirði, til að fá hann skyldaðan til að greiða andvirði steinolíumótors, er áfrýjandi sendi honum til Íslands, ásamt váttryggingargjaldi á honum þangað, en með dómi nefnds réttar 30. desember 1907 var stefndi sýknaður af kröfum áfrýjanda og málskostnaður látinn falla niður. Nokkur móðgunaryrði um málsfærslumann áfrýjanda í varnarskjölum stefnda voru og með dómnum dæmd dauð og ómerk.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 25. maí 1908 og krafist þess, að stefndi verði skyldaður til að greiða honum verð umrædds mótors ásamt váttryggingu á honum til Seyðisfjarðar, kr. 816,25 með 5% vöxtum frá sáttakærudegi 18. marz